

1. sameiginlegur fundur starfandi hverfisnefnda á Akureyri, haldinn í Lundarskóla 13.02.2007.

Mættir: Sigríður Magnúsdóttir, Hjörleifur Hallgrímsson, Kristján Víkingsson, Jón Heiðar Daðason, Sigurjón Magnússon, Bjarni Sigurðsson, Arne Vagn Olsen, Ingvar Þóroddsson, Magna Guðmundsdóttir, Aðalbjörn Pálsson, Helga Aðalgeirsdóttir, og Ingibjörg Baldursdóttir.

1. Fundarmenn kynntu sig með nafni og sögðu frá hvaða nefnd þeir kæmu.
2. Lagt var fyrir bréf sem formenn höfðu skrifað til stjórnslunefndar varðandi starfsumhverfi hverfisnefnda. Fundurinn samþykkti þetta bréf og var formönnum falið að ganga frá því og skrifa undir það.
3. Jón Heiðar Daðason formaður hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis kynnti lauslega það vinnuferli sem fundargerðir fastanefnda bæjarins fylgja.
4. Fundurinn lýsti yfir vilja til samstarfs milli hverfisnefnda varðandi mál sem snerta okkur með líkum hætti. Stefnt verður að því að formenn hittist og sameiginlegir fundir allra nefnda haldnir af og til. Í þessu samhengi kom upp umræða um SVA og lýstu fundarmenn yfir ánægju með þá ákvörðun yfirvalda að þjónustan sé bæjarbúum að kostnaðarlausu. Aðalbjörn lagði fram tillögu að erindi til framkvæmdanefndar um að leysa þurfi vankanta á aðgengi fólks að “grænu strætógerðinni” þar sem súla fyrir miðju inngönguleiðarinnar að aftan kemur í veg fyrir að fólk með stórar barnakerrur og fólk í hjólastólum geti nýtt sér ferðir með þeim. Hann vitnaði sérstaklega í dagmæður sem fyndu fyrir þessu. Fundurinn lagði til að hverfisnefnd Lunda- og Gerðahverfis myndi senda þetta erindi inn og samþykktu þrír mætir fulltrúar þeirrar hverfisnefndar.
4. Fulltrúar allra hverfisnefndanna sögðu frá starfi sinna nefnda.
5. Fundi slitið.

Ingibjörg.